

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna nr. 148 1. mars 2000.

1. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 311 18. mars 2004, orðast svo:
Verð hlutamiða í hvorri flokkaröð skal vera 12.000 kr. ef keyptur er miði sem gildir í öllum 12 flokkum happdrættisársins sem er frá 1. maí til 30. apríl ár hvert.

Verð miða fyrir hvern flokk er 1.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum, öðlast gildi 20. apríl 2006.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. mars 2006.

Björn Bjarnason.

Fanney Óskarsdóttir.